



REGLUR UM KAUP Á UPPLÝSINGATÆKNIÞJÓNUSTU

1. Gildissvið

Verklagsreglur þessar gilda um kaup Arion banka hf. á upplýsingatækniþjónustu hvort sem um kaup á nýrri þjónustu er að ræða eða endurnýjun eldri rekstrar- eða þjónustusamninga. Reglur þessar eru almennum stefnum og verklagsreglum bankans um innkaup og útvistun til fyllingar

2. Markmið

Markmið verklagsreglnanna er að stuðla að traustum og ábyrgum innkaupum á upplýsingatækniþjónustu. Við framkvæmd innkaupa er lögð áhersla á að jafnræði sé með viðsejendum bankans (hér eftir nefndir seljendur) og að endurspegluð séu markmið bankans um að ná fram hagkvæmni, gagnsæi og sanngirni. Þá er lögð áhersla á að innkaupin séu gerð á viðskiptalegum forsendum og að þau þjóni hagsmunum bankans og styðji við stefnu hans. Auk þess leggur bankinn áherslu á mikilvægi jafnréttissjónarmiða við val á seljanda þjónustu. Þá leitast bankinn við að velja umhverfisvæn aðföng.

Bankinn gerir kröfu um notkun rafrænna reikninga í samskiptum við seljendur en getur gert undantekningar þar sem ekki er hægt að koma slíku við vegna sérstakra aðstæðna (slík undantekning skal vera tímabundin).

3. Ábyrgð og skipulag innkaupa

Framkvæmdastjóri upplýsingatækni sviðs ber ábyrgð á innkaupum sem falla undir verklagsreglur þessar. Sá aðili sem sér um framkvæmd á innkaupum upplýsingatækni sviðs (hér eftir innkaupastjóri upplýsingatækni sviðs) ber m.a. framkvæmdarlega ábyrgð á innkaupunum, ráðgjöf og aðstoð við innkaup á sviðinu, ásamt eftirliti með þeim og samskiptum við birgja sviðsins og samstarfi við önnur svið og deildir bankans sem innkaupin snerta. Innkaupastjóri upplýsingatækni sviðs tryggir að farið sé að þessum reglum, hvort sem þau fara fram með eða án verðkannana eða útboða. Innkaupastjóri upplýsingatækni sviðs vinnur markvisst með stjórnendum upplýsingatækni sviðs og öðrum hagaðilum innan bankans að því að ná fram bestu niðurstöðu í innkaupum fyrir bankann á hverjum tíma.

4. Innkaupaaðferðir

Arion banki hf. leggur ríka áherslu á að samstarf við seljendur byggi á trausti, gagnkvæmri virðingu og trúnaði. Bankinn leitar ávallt hagkvæmstu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu. Við mat á því hvað er hagkvæmast hverju sinni er m.a. litið til verðs, gæða, reynslu af samstarfi (þar sem það á við), tímaáætlun (þar sem það á við) og mati á birgjum þar sem það hefur farið fram. Einnig er horft til kostnaðar innanhúss við innleiðingu þjónustunnar sem og hvernig þjónustan fellur að upplýsingatækni kerfum bankans.

Við kaup á upplýsingatækniþjónustu er heimilt að beita þeim innkaupaaðferðum sem heimilar eru í verklagsreglum um innkaup.

Við kaup á upplýsingatækniþjónustu þar sem RB kemur til álita sem birgir skal láta fara fram útboð eða vandaða verðkönnun. Þar skal leitað að hagkvæmstu lausn fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu. Ef RB er eitt um að geta veitt viðkomandi þjónustu, er heimilt að falla frá verðkönnun og útboðum. Arion banki heldur skrá um slík tilvik.

Áður en verðkönnun eða útboð fer fram eru þarfir bankans metnar og lagðar til grundvallar við val á þátttakendum hverju sinni. Við gerð verðkannana eða útboða skilgreinir Arion banki hvernig mat er lagt á birgja og verðupplýsingar frá þeim. Lögð er áhersla á gagnsæi gagnvart þátttakendum á hverju matið byggir skv. 2. málsgrein 5. gr. og 6. gr.

Bankinn gerir alla jafna kröfu um þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti í samningum við birgja nema málefnalegar ástæður séu fyrir styttri eða lengri uppsagnarfresti. Samningar um kaup á upplýsingatækniþjónustu, sem fellur undir gildissvið þessara reglna, eru lengst gerðir til þriggja ára í senn. Heimilt er að framlengja samninga um 12 mánuði í senn eftir að gildistíma lýkur, enda séu



málefnalegar ástæður fyrir því. Heimilt er að gera undanþágur frá þessu með styttri eða lengri gildistíma enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

5. Verðkannanir

Við kaup á upplýsingatækniþjónustu er að meginstefnu til notast við verðkannanir þar sem þarfir bankans eru tilgreindar hverju sinni.

Þegar verðkönnun er beitt við innkaup skal útbúin þarfalýsing sem tilgreinir þá þætti sem lagðir verða til grundvallar við val á seljanda, svo sem verð, gæði, öryggi, vottun, tæknilegir eiginleikar, útlit, notkunareiginleikar, umhverfislegir eiginleikar, rekstrarkostnaður, rekstrarhagkvæmni, viðhaldsþjónusta, afhendingardagur og afhendingartímabil, lok framkvæmdar samnings eða fyrri reynsla af samskiptum. Valið getur byggst á samspili tveggja eða fleiri þátta eða annarra þátta sem kunna að skipta meira máli fyrir Arion banka hf. en komi til þess skulu þeir þá tilgreindir eftir því sem við verður komið í þarfalýsingu.

Í kjölfar verðkönnunar er gengið til samninga við þann aðila sem uppfyllir best þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar hverju sinni.

6. Útboð

Sé verðkönnun ekki beitt getur bankinn staðið fyrir opnum eða lokuðum útboðum. Útboð og skilmálar þeim tengdum skulu vera skýr og málefnaleg og með skilmálunum skal tryggja jafna stöðu bjóðenda. Að öðru leyti skal framkvæmd útboða vera í samræmi við lög um nr. 65/1993.

7. Birting

Reglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu Arion banka hf. www.arionbanki.is